

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar vegna íbúðarbyggðar í Hlíðarhverfi.

Skipulagsstofnun staðfesti 23. apríl 2025 óverulega breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 sem samþykkt var í bæjarstjórn 4. febrúar 2025.

Í breytingunni felst stækkun íbúðarbyggðar ÍB28 um 2,6 ha til austurs, fjölgun íbúða um 86, auk þess að leyfileg hámarkshæð verði 5 hæðir í stað 4 hæða sunnan Þjóðbrautar. Við breytinguna minnkar samfélagsþjónusta S45 um 1,7 ha og íþróttasvæði ÍP2 um 0,9 ha.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 23. apríl 2025.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 9. maí 2025